



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 29. apríl 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valpórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson (hálfan fund), Haraldur Pétursson, Ragnar Stefánsson og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

1. Heyrúlluplan / Verðlagning

Ákveðið að biðja með verðlagningu fyrir alla aðila. Sama magn og áður og áhersla á að þetta sé eingöngu fyrir hey fyrir Sprettara.

2. Umbunarkerfi fyrir sjálfboðaliða

Farið fyrir möguleika

Stefnt er á að hafa „sjálfboðaliðakvöld“ í lok maí ef tími vinnst til sem er aðeins óvíst vegna þéttrar dagskrár. Ef það gengur ekki þarf að finna nýjan tíma síðar.

3. Innkaup fyrir salinn

Verður tekið fyrir á næsta fundi.

4. Viðrunarhólfín og næstu skref

Setja upp auglýsingu fyrir síðustu forvöð að panta, ákveðið að tilkynna úthlutun á heimasíðunni í stað þess að senda öllum svör.

5. Mál frá Ragnari og Þórdísi

Rætt um endurgreiðslu á námskeiðsgjöldum vegna forfalla, endurgreiðslan getur orðið allt að 50%.

6. Spónasala - gámur

Erindi frá aðila sem er að selja spón/spónaköggla úr gám kerrusvæðinu. Ekki á okkar forræði að gefa leyfi fyrir merkingu á gáminn né hafna. Davíð hefur samband við viðkomandi.

7. Rekstrarhringur Sprettis

Farið yfir tillögu að rekstrarhring. Davíð talar við Ara í Loftorku um kostnað við að leggja stíg fyrir neðan mönina fyrir framan veislusalinn. Sigrún kannar með girðingarefni og mannskap til að girða.

8. Útistandandi innheimta reikninga og fjármál félagsins

Farið yfir innheimtu reikninga, firmakeppni, 1 deildin, allra sterkustu og Blue Lagoon.

9. Framhald af firmakeppni og hreinsunardegi

Hreinsunardaginn hefði mátt undirbúa betur og fyrr. Er dagurinn fyrir sumardaginn fyrsta rétti dagurinn, kannski ekki.

Þarf að gera aðeins meira úr Firmakeppnis deginum. Fá keppnisfólkið til að taka þátt í undirbúningi fyrir mótið. Hafa fánareið og mögulega halda kökuhlaðborð í tengslum við mótið.

10. **Íþróttamót / Gæðingamót**

Búið að auglýsa íþróttamótið og komin nefnd sem er til í að sjá um mótið.

Gæðingamót sameiginlegt með Fákí verður í lok maí, vantar að manna það og Lárus gjaldkeri tekur það að sér stjórna því.

11. **Önnur mál**

Sjálfbærnnefnd er að vinna í taðmálum.

Fundi slitið kl. 22:45

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson